



Dagsetning: 26. apríl 2024  
Málsnúmer: 2404213/2.1.0

## Til bæjarráðs

### Skipulag vinnu við fjárhagsáætlunargerð ársins 2025

Í megin atriðum er gerð tillaga um að vinna við fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar fyrir árið 2025 verði skipulögð á sama hátt og vegna fjárhagsáætlunar fyrir yfirstandandi ár. Reglur um fjárhagsáætlun sem samþykkt var í bæjarstjórn í apríl 2023 eru óbreyttar. Meðfylgjandi er tillaga að tímaáætlun og skiladögum vegna áætlunar fyrir árið 2025.

Upphafsvinnan við ætlunargerðina verður kynnt og rædd á fundi með formönnum nefnda, sviðsstjórum og þeim stjórnendum sem koma beint að vinnu við fjárhagsáætlunargerðina. Gert er ráð fyrir að sá fundur verði 2. maí.

Við forvinnu fjárhagsáætlunarinnar að vori er ætlast til að starfsmenn og nefndir skili til bæjarráðs hugmyndum að breytingum í rekstri Fjarðabyggðar og stofnana á árinu 2025 sem hafa áhrif á fjárhagsáætlunina.

- Vinna að vori snýst fyrst og fremst um umræðu um þjónustu, rekstur og rekstrarfyrirkomulag miðað við núverandi fyrirkomulag og hvort ástæða er til að gera breytingar í þjónustunni, rekstrinum og rekstrarfyrirkomulagi í nánastu framtíð.
- Vinnan að vori snýst ekki um að gera endanlega fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 heldur umræða og mat á magni þjónustu og rekstrarþátta s.s. vinnuafli á árinu 2025 og mögulegum breytingum á þjónustunni.
- Ef breytingar eru áætlaðar þarf að setja verð á þær breytingar og þá miðað við kostnað einstakra efnisþátta nú á vormánuðum 2024.
- Rekstur Fjarðabyggðar er erfiður og sérstaklega í A hluta. Það er því mjög mikilvægt að nefndir setji fram tillögur sem leiða til hagræðingar og lækkunar á nettó kostnaði í rekstri málaflokka á árinu 2025.
- Ætlast er til að hugmyndum um breytingar verði forgangsraðað af hálfu nefnda í tillögum til bæjarráðs.

Við þessa vinnslu að vori við fjárhagsáætlunina er ekkert sérstakt form til að vinna með. Grunnur vinnslunnar er núverandi fjárhagsáætlun. Mikilvægt er að meta hvort miklar líkur eru á að áætlun yfirstandi árs gangi ekki upp og þá skila tillögum til bæjarráðs um hverju þurfi að breyta til að svo geti orðið.

Tillögum á að skila til bæjarráðs í formi minnisblaðs fyrir hvern málaflokk þar sem forsendur eru settar fram ásamt rökstuðningi og kostnaðarmati hvernar tillögu.

Snorri Styrkársson  
Fjármálastjóri